

verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 25/1892:

Hið opinbera  
gegn

Jóhanni Vilhjálmssyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 16. aprílmán. p. á., var hinn kærði, Jóhann Vilhjálmsson á Kötluhól, dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbermán. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Gardahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 60 króna sekt, og skyldi fiskur sá, er hann aflaðimeð ólöglegri netalögn sinni í síðastliðnum marzmánuði, 60 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækra sjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjerði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann, sem var skipaður tilsjónarmaður samkvæmt 8. grein hennar, lagði einu sinni seinast í marz-

mánuði síðastliðnum þorskanet í sjó,  $1\frac{1}{2}$  að tölu, og fjekk í þau um 60 fiska, er hann síðan flutti á land, ásamt netunum, og saltaði. Með þessum tilverknadi sínum hefur kærði gjörzt brotlegur gegn 1. grein fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í sjó fyrir en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvbermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa — og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, með tilliti til stöðu hans sem skipaðs tilsjónarmanns, hæfilega metin af lögregludómaranum 60 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti, er aflinn og sektin er algjörlega látið renna í fátækra sjóð hlutaðeigandi brepps, þar sem eigi er að ræða um uppljósturs- eða upptökumann, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breyting á lögum um fiskiveiðasamþykktir 14. des. 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Hinum kærða, Jóhanni Vilhjálmssyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi

kostnað, þar með talin málflytningu- og skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1892:

Hið opinbera  
gegn  
Þorsteini Gíslasyni.

#### D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringu-  
sýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. þ. á., var hinn kærði,  
Þorsteinn Gíslason í Melbæ í Leiru, dæmdur fyrir brot  
gegn samþykkt, staðfestri 8. desbermán. 1890, um ým-  
isleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir  
Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrand-  
arhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarness-  
hrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 80 kr. sekt,  
og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum neta-  
lögnum sínum, 300 að tölu, upptækur vera, og sektin  
og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fá-  
tækra sjóð Rosmhvalanesshrepp. Svo skyldi kærði og  
greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað.  
En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skot-  
ið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði  
fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í  
hjeraði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega